

Fimmtudaginn 12. mars 1998.

Nr. 129/1997.

Einar Guðjónsson

(Jóhann Salberg Guðmundsson hrl.)

gegn

Helgu E. Jónsdóttur

Örnólfi Árnasyni og

Bókaútgáfunni Eldey ehf.

(Jón Oddsson hrl.)

og

Bókaútgáfan Eldey ehf.

gegn

Einari Guðjónssyni

Verksamningur. Vinnusamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. mars 1997. Hann krefst þess aðallega, að stefndu verði dæmd til að greiða óskipt 3.331.986 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. apríl 1995 til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að stefndu verði dæmd til að greiða óskipt 2.083.749 krónur með dráttarvöxtum eins og í aðalkröfu, en til þrautavara aðra lægri fjárhæð að mati Hæstaréttar með sömu dráttarvöxtum og í aðalkröfu. Þá krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda. Hann krefst loks málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Bókaútgáfan Eldey ehf. skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. apríl 1997. Krefst gagnáfrýjandi þess aðallega, að kröfum aðaláfrýjanda verði vísað frá dómi. Til vara krefst hann sýknu af kröfum aðaláfrýjanda og til þrautavara, að þær verði lækkaðar. Hann krefst þess jafnframt, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða 842.856 krónur með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 1. febrúar 1995, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laganna frá 1. febrúar 1996 til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu, Helga E. Jónsdóttir og Örnólfur Árnason, krefjast þess aðallega, að kröfum aðaláfrýjanda verði vísað frá dómi. Til vara krefjast þau staðfestingar héraðsdóms, að því er þau varðar, en til þrautavara, að kröfur aðaláfrýjanda verði lækkaðar. Þau krefjast jafnframt málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í gagnáfrýjunarstefnu er því lýst, að kröfugerð í gagnsök sé breytt með þeim hætti, að af 1.–5. kröfulið í héraði séu nú felldir út liðir 2.–4. Eftir standi 1. og 5. liður með lítils háttar leiðréttingu á hinum fyrrnefnda. Standi þá eftir þær 842.856 krónur, sem birtist í kröfugerð hans hér fyrir dómi.

I.

Svo sem greinir í héraðsdómi, gaf gagnáfrýjandi út ritverk stefnda, Örnólfs, Bankabókina haustið 1994. Gaf Örnólfur skýrslu fyrir dómi og gerði grein fyrir þeim verkefnum, sem aðaláfrýjanda hafi verið falin í þágu gagnáfrýjanda vegna útgáfu bókarinnar. Hafi þau eingöngu falist í dreifingu hennar í verslanir og störfum henni tengdri, svo sem reikningsgerð. Afgreitt hafi verið samkvæmt pöntunum verslana úr geymslu bókaútgáfunnar í Ármúla 5, Reykjavík. Verk aðaláfrýjanda hafi ekki falist í að selja bókina, heldur eingöngu að dreifa henni, enda hafi verslanir átt rétt á að skila aftur öllum þeim eintökum bókarinnar, sem ekki seldust.

Í skýrslu Örnólfs kom jafnframt fram, að þeir aðaláfrýjandi hafi samið munnlega um, að hinn síðarnefndi skyldi fá 100 krónur fyrir hvert eintak bókarinnar, sem verslanir seldu. Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var sú skýring jafnframt gefin, að gert hefði verið ráð fyrir, að ofan á þessa fjárhæð legðist virðisaukaskattur. Var þá jafnframt tekið fram, að þótt aðaláfrýjandi hefði ekki verið ráðinn til annars en dreifa bókinni, hefði hann að eigin frumkvæði lagt fram vinnu við annað, er snerti útgáfu hennar, og þá einkum í tengslum við kynningu bókarinnar. Þetta hafi þó augljóslega getað komið honum sjálfum í hag, þar eð fjárhagsleg afkoma hans vegna dreifingar bókarinnar hafi ráðist af árangri verslana við sölu hennar.

II.

Ekki verður fallist á, að þeir annmarkar á málatilbúnaði aðal-

áfrýjanda, sem vísað var til við munnlegan flutning málsins, eigi að leiða til þess, að kröfum hans verði vísað frá dómi.

Með vísan til forsendna héraðsdóms verður staðfest niðurstaða hans um sýknu Helgu E. Jónsdóttur og Örnólfs Árnasonar af öllum kröfum aðaláfrýjanda. Kemur þá einungis til skoðunar, hverjar kröfur hann kunni að eiga á hendur gagnáfrýjanda málsins. Verður enn fremur staðfest niðurstaða hins áfrýjaða dóms um þá varnar-ástaðu gagnáfrýjanda, sem lýtur að því, að aðaláfrýjandi hafi ekki innt störf sín af hendi með fullnægjandi hætti.

Í bréfi aðaláfrýjanda 31. mars 1995 kemur fram, að hann fallist á, að hann hafi unnið öll störf sín fyrir stefndu sem verktaki. Krafa hans um „vangoldin verklaun og vinnulaun“, sem síðan er sundurliðuð í aðal- og varakröfu, eins og birtist í héraðsdómi, er hvorki samrýmanleg þessari viðurkenningu hans, skýringum stefnda, Örnólfs, né því, sem að öðru leyti liggur fyrir í málinu um þátt hans við útgáfu bókarinnar. Verður að hafna kröfum aðaláfrýjanda, sem sýnast á því reistar, að vinnusamningur hafi verið gerður um starf hans. Jafnframt verður hafnað kröfum, sem reistar eru á staðhæfingum um, að störf hans hafi falið í sér sölu til bókaverslana á þeim eintökum, sem til þeirra var dreift af birgðum bókaútgáfunnar. Kröfur aðaláfrýjanda um hlutdeild í hagnaði vegna útgáfu bókarinnar eiga sér enga stoð í málinu.

Fram hefur komið sú skýring á kröfugerð af hálfu aðaláfrýjanda, að 3.580 eintök bókarinnar hafi verið seld. Þrátt fyrir það sé einungis krafist sölulauna vegna 3.500 eintaka. Í málatilbúnaði gagnáfrýjanda er því hins vegar haldið fram, að 3.060 eintök bókarinnar hafi selst. Þykir mega leggja til grundvallar, að aðaláfrýjandi hafi afhent verslunum langstærstan hluta þeirra bóka, sem þær síðan seldu, þótt stefndi, Örnólfur, kunni einnig að hafa átt þar einhvern hlut að máli.

Pegar litið er til skýringa stefnda, Örnólfs, á hlutverki aðaláfrýjanda við útgáfu bókarinnar og þess, sem að öðru leyti er í ljós leitt um störf hans við þetta verkefni, þykja verklaun hans úr hendi gagnáfrýjanda vera hæfilega ákveðin 440.000 krónur. Hefur þá verið tekið tillit til skýringa, sem fram komu við munnlegan flutning málsins um virðisaukaskatt ofan á verklaunin, en skatturinn er hér

24,5%, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt. Er skatturinn innifalinn í framangreindri fjárhæð.

Málsaðila greinir ekki á um, að aðaláfrýjandi hafi þegar fengið greiddar 239.620 krónur. Verulega ber hins vegar á milli þeirra um það, hve mikið skuli lækka þá fjárhæð í uppgjöri þeirra vegna kostnaðar, sem aðaláfrýjandi hafi orðið fyrir við framkvæmd verks síns. Þykir mega leggja niðurstöðu héraðsdóms til grundvallar við úrlausn þessa þáttar málsins. Samkvæmt því kemur 69.581 króna til lækkunar þeirri fjárhæð, sem gagnáfrýjanda verður gert að greiða aðaláfrýjanda samkvæmt framansögðu.

III.

Í málinu krefur gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda um greiðslu á andvirði 338 eintaka af Bankabókinni, sem hinum síðarnefnda hafi ekki tekist að gera grein fyrir. Að öðru leyti felst í kröfum gagnáfrýjanda, að aðaláfrýjanda verði gert að endurgreiða 19.488 króna peningaúttekt hans. Með vísan til forsendna héraðsdóms verður aðaláfrýjandi sýknaður af kröfum gagnáfrýjanda.

Samkvæmt öllu framanröktu verða úrslit málsins þau, að gagnáfrýjanda verður gert að greiða aðaláfrýjanda 370.419 krónur með dráttarvöxtum, eins og krafist er. Skal hann jafnframt greiða málskostnað, sem verður ákveðinn í einu lagi í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir. Stefndu, Helga E. Jónsdóttir og Örnólfur Árnason, skulu vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, en rétt þykir, að hver þessara málsaðila skuli bera sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Helga E. Jónsdóttir og Örnólfur Árnason, skulu vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, Einars Guðjónssonar. Málskostnaður þeirra í milli í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gagnáfrýjandi, Bókaútgáfan Eldey ehf., greiði aðaláfrýjanda 370.419 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. apríl 1995 til greiðsludags og samtals 250.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 23. desember 1996.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 28. nóvember sl., er höfðað af Einari Guðjónssyni, Leifsgötu 8, Reykjavík, gegn Helgu E. Jónsdóttur, Bræðraborgarstíg 8, Reykjavík, Örnólfi Árnasyni, sama stað, og Bókaútgáfunni Eldey hf., Bankastræti 7 a, Reykjavík, með stefnu, birtri 9. nóvember 1995.

Bókaútgáfan Eldey hf. höfðaði gagnsök á hendur aðalstefnanda með gagnstefnu, birtri 12. desember 1995. Aðalstefnandi mótmælti því, að gagnsök yrði sameinuð aðalsök, og krafðist þess, að gagnsök yrði vísað frá dómi, en ella, að gagnstefnanda yrði gert að setja málskostnaðartryggingu vegna gagnsakar. Með úrskurði dómsins 1. febrúar 1996 var frávisunarkröfu aðalstefnanda hrundið, og var gagnsökin sameinuð aðalsök. Enn fremur var hafnað kröfu aðalstefnanda um málskostnaðartryggingu.

Málið var upphaflega tekið til munnlegs málflutnings 14. nóvember sl. að loknum skýrslutökum fyrir dómi, en í tilefni andmæla lögmanns aðalstefndu í fyrri málflutningsræðu um greiðslur til aðalstefnanda samkvæmt yfirliti, dags. 1. febrúar 1995, dskj. nr. 28, var málinu frestað til frekari gagnaöflunar. Af hálfu málsaðila voru lögð fram gögn um þann ágreining í næsta þinghaldi 28. nóvember sl. Var málið síðan flutt að nýju og í framhaldi dómtekið.

Kröfur í aðalsök.

Dómkröfur stefnanda í aðalsök eru þær, að aðalstefndu verði in solidum dæmd til þess að greiða aðalstefnanda aðallega 3.331.986 krónur auk dráttarvaxta af þeirri fjárhæð samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá 1. apríl 1995 til greiðsludags. Til vara er þess krafist, að aðalstefndu verði dæmd til að greiða aðalstefnanda in solidum 2.088.749 krónur auk dráttarvaxta, eins og krafist er í aðalkröfu. Þá er þess enn fremur krafist, að aðalstefndu verði in solidum dæmd til þess að greiða aðalstefnanda málskostnað í báðum tilvikum að mati dómsins og að sá kostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags auk virðisaukaskatts. Til frádráttar aðalkröfu og varakröfu komi 33.679 krónur.

Af hálfu aðalstefndu Helgu E. Jónsdóttur eru aðallega gerðar þær kröfur, að hún verði alsýknuð af öllum kröfum aðalstefnanda og aðalstefnandi dæmdur til að greiða sér málskostnað að skaðlausu að mati réttarins með vísan til fram lagðs málskostnaðarreiknings ásamt virðisaukaskatti og dráttarvöxtum samkvæmt ákvæðum III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum í samræmi við 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991. Til vara er þess krafist, að kröfur aðalstefnanda verði lækkaðar verulega og aðeins

teknar til greina að óverulegu leyti og málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Af hálfu aðalstefnda, Örnólfs Árnasonar, er þess aðallega krafist, að hann verði alsýknaður af öllum kröfum aðalstefnanda og aðalstefnandi dæmdur til að greiða sér málskostnað að skaðlausu að mati réttarins með vísan til fram lagðs málskostnaðarreiknings ásamt virðisaukaskatti og dráttarvöxtum samkvæmt ákvæðum III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum í samræmi við 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991. Til vara er þess krafist, að kröfur aðalstefnanda verði lækkaðar verulega og aðeins teknar til greina að óverulegu leyti og málskostnaður verði þá látinn falla niður.

Af hálfu aðalstefndu Bókaútgáfunnar Eldeyjar hf. er krafist sýknu af öllum kröfum aðalstefnanda og að aðalstefnandi verði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu að mati réttarins með vísan til fram lagðs málskostnaðarreiknings og að málskostnaðarfjárhæð beri dráttarvexti samkvæmt ákvæðum III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum í samræmi við 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991. Til vara er þess krafist, að kröfur aðalstefnanda verði lækkaðar verulega og aðeins teknar til greina að óverulegu leyti og komi þá til skuldajafnaðar við kröfur aðalstefnda á hendur aðalstefnanda í gagnsök málsins. Sömu kröfur eru gerðar um málskostnað og í aðalkröfu.

Við munnlegan málflutning kom fram, að ástæða væri til að vísa kröfum stefnanda í aðalsök á hendur aðalstefndu Bókaútgáfunni Eldey hf. frá dómi vegna vanreifunar, en því var mótmælt af hálfu aðalstefnanda. Var frávísunarkrafan m. a. studd þeim rökum, að málalítilbúnaður væri mótsagnakenndur og staðhæfingar bersýnilega rangar.

Kröfur í gagnsök.

Í gagnsök eru gerðar þær kröfur af hálfu gagnstefnanda, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 1.755.036 kr., auk vaxta samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum frá 1. febrúar 1995 til 1. febrúar 1996, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum, sbr. 10. gr. þeirra laga, frá þeim degi til greiðsludags og að heimilt verði að leggja áfallna vexti og dráttarvexti við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. febrúar 1996, og reikna þannig áfram dráttarvexti af samanlagðri fjárhæð stefnufjárhæðar og áföllnum vöxtum og dráttarvöxtum samkvæmt heimild í 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987. Þá er þess krafist af hálfu gagnstefnanda, að gagnstefndi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað að skaðlausu samkvæmt málskostnaðarreikningi lögmanns gagnstefnanda ásamt dráttarvöxt-

um samkvæmt 10. gr. vaxtalaga í samræmi við 4. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991 og vaxtavexti samkvæmt 12. gr. vaxtalaga. Einnig er þess krafist, að kröfur stefnanda í gagnsök komi til skuldajafnaðar gagnvart kröfum á hendur honum í aðalsök, þurfi til þess að koma.

Af hálfu gagnstefnda er þess krafist, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda í gagnsök og gagnstefnandi dæmdur til að greiða sér málskostnað að mati dómsins ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með áorðnum breytingum frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags svo og virðisaukaskatt af málflutningslaunum. Þá er enn fremur krafist hæfilegs álags að mati dómsins á málskostnað úr hendi gagnstefnanda, þar sem hann hafi með tilefnislausri gagnstefnu valdið gagnstefnda óþægindum með því að hafa uppi kröfur, staðhæfingar og mótmæli, sem hann megi vita, að séu rangar og haldlausar, sbr. 131. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Við munnlegan málflutning kom fram, að rétt væri, að kröfum á hendur stefnda í gagnsök yrði vísað frá dómi ex officio vegna vanreifunar.

Málavextir og ágreiningsefni.

Aðalstefnda Bókaútgáfan Eldey hf. var stofnuð árið 1994, en samþykktir félagsins eru dagsettar 2. nóvember 1994. Hlutafélagið var skráð í Hlutafélagaskrá 2. desember sama ár. Það gaf út bók, sem heitir Bankabókin, og kom hún úr prentun í byrjun desember það ár. Höfundur bókarinnar er aðalstefndi, Örnólfur Árnason, en stjórnarformaður hlutafélagsins er aðalstefnda Helga E. Jónsdóttir.

Að beiðni aðalstefnda, Örnólfs, vann aðalstefnandi ýmis verk vegna útkomu og sölu bókarinnar. Ekki var gerður skriflegur samningur milli þeirra eða annarra málsaðila um störf hans, heldur munnlegt samkomulag. Málsaðila greinir á um efni samkomulagsins, en aðalstefnandi hefur höfðað mál þetta til innheimtu launa fyrir verk, sem hann kveðst hafa innt af hendi í þágu aðalstefndu á tímabilinu mars 1994 til 15. janúar 1995.

Aðalskrifstofa bókaútgáfunnar var í Bankastræti 7 a, Reykjavík, en vegna útkomu og dreifingar Bankabókarinnar var tekið á leigu húsnæði að Ármúla 5 í Reykjavík. Samkvæmt leigusamningi, sem dagsettur er 28. nóvember 1994, var aðalstefnandi leigutaki, en upplýst er, að bókaútgáfan var í raun leigutaki og greiddi leigu.

Aðrir, sem unnu við kynningu og dreifingu bókarinnar, voru þau Jón Proppé, Hulda Proppé og Ingvar Á. Þórisson. Jón veitti aðalstefnanda aðstoð við að koma upp tölvukerfi til að sjá um dreifingu bókarinnar og síðan við leiðréttingar og útprentun reikninga. Hulda vann á skrifstofunni í Ármúla 5 síðustu dagana fyrir jól við að skrá pantanir og skrifa út reikninga.

Ingvar gerði sjónvarpsauglýsingu um bókina að beiðni aðalstefnanda og veitti honum aðstoð við kynningu, sölu og dreifingu.

Í máli þessu er deilt um það, hvenær aðalstefnandi hóf umrædd störf og fyrir hvern þau voru unnin. Þá er einnig deilt um það, hvaða störf aðalstefnandi tók að sér í þessu sambandi, hvort hann innti þau af hendi með fullnægjandi hætti og hvort samið var um ákveðnar greiðslur til aðalstefnanda fyrir þau.

Ekki er um það deilt, að aðalstefnandi hefur fengið greiðslur frá aðalstefnda Bókaútgáfunni Eldey hf., samtals 239.620 krónur. Hluti þessarar greiðslu er vegna kostnaðar við dreifingu bókarinnar, en óumdeilt er, að sá hluti, sem ekki telst til kostnaðar, skuli koma til frádráttar kröfum aðalstefnanda í málinu. Hins vegar er deilt um fjárhæðir, en af hálfu aðalstefndu er ekki fallist á allan þann kostnað, sem aðalstefnandi telur til kominn í þessu sambandi.

Málsástæður og lagarök stefnanda í aðalsök.

Aðalstefnandi reisir kröfur sínar í málinu á hendur aðalstefndu á því, að hann hafi unnið margvísleg störf fyrir aðalstefndu vegna útgáfu og sölu Bankabókarinnar.

Aðalstefnandi lýsir málavöxtum svo, að aðalstefndi, Örnólfur Árnason, hafi hlutast til um það í febrúar 1994, að aðalstefnandi tæki að sér umrædd störf í þágu aðalstefndu. Hann hafi einnig haft veruleg afskipti af því verki, sem aðalstefnandi hafi unnið fyrir aðalstefndu. Aðalstefnda Helga E. Jónsdóttir hafi komið fram fyrir hið stefnda félag sem stjórnarmaður þess, en auk þess hafi hún haft persónuleg afskipti af því, sem tengdist störfum aðalstefnanda.

Þau verk, sem um ræðir, kveður aðalstefnandi helst hafa verið ýmsa aðstoð við heimildavinnu, útvegum aðstoðarmanns og kaup á bókum, ráðgjöf vegna útgáfu, verðlagningu, upplýsingar um virðisaukaskatt, virðisaukaskattsnúmer og útreikning skattsins og ráðgjöf vegna dreifingar bókarinnar. Hann hafi unnið við að finna nafn á bókaútgáfu, við skráningu hjá Hlutafélagaskrá, yfirlestur handrits og leiðréttingar á efnisvillum, og einnig hafi hann leitað prenttilboða. Þá kveðst aðalstefnandi hafa unnið við að semja auglýsingar og kynningaráætlun, hafa pantað auglýsingar hjá DV, Morgunblaðinu, Degi, Morgunpóstinum, útvarpi og sjónvarpi. Hann hafi unnið við gerð og framkvæmd sjónvarpsauglýsingar, ráðið menn í því sambandi og samið við stúdíó. Hann hafi kynnt bókina í samkvæmi og útbúið sérstakt kynningarefni, svo sem veggspjöld og skráargöt, og annast uppsetningu á þessu í verslunum. Hann hafi einnig veitt aðstoð við stofnun hlutafélagsins

og tekist á hendur ábyrgð á skráningargjaldi. Hann hafi leitað að skrifstofu- og geymsluhúsnæði vegna bókarinnar, tekið á leigu skrifstofuhúsnæði í Ármúla 5 að beiðni aðalstefnda, Örnólfs, og sett upp dreifingarkerfi í tölvu. Hann hafi samið um kaup á viðskiptavíxli í Landsbankanum fyrir aðalstefndu Helgu, sem aðalstefnandi gaf út, og hafi hún nýtt andvirðið. Þá hafi aðalstefnandi annast dreifingu Bankabókarinnar allan desembermánuð 1994, en jafnframt þurft að vera viðlátinn á skrifstofunni að Ármúla 5 og fara í söluferðir og dreifingarferðir. Hann hafi séð um tekjubókhald, hönnun eyðublaða og þökkun á bókinni auk límingar auglýsingamiða á hana. Aðalstefnandi hafi annast innheimtu og rekið á eftir greiðslum, tekið á móti endursendum bókum og gefið út kreditreikninga í desember 1994. Hann hafi enn fremur lánað aðalstefndu 350.000 krónur til greiðslu á auglýsinga- og kynningarkostnaði, sem aðalstefndi, Örnólfur, hafi endurgreitt 29. desember 1994. Einnig hafi hann annast samninga við flutningafyrirtæki um reikningsviðskipti og jafnframt komið kynningareintökum af bókinni á framfæri við fjölmiðla og annast bifreiðaakstur í því sambandi. Hann hafi unnið við innheimtu, tekið við endursendum bókum og sent nýjar allt fram til 15. janúar 1995. Hafi hann jafnframt þurft að vera viðlátinn á skrifstofunni og sjá m. a. um að senda út gíróseðla og reikninga.

Af öllu þessu megi sjá, að aðalstefnandi hafi látið í té mikla vinnu við útgáfu, sölu og dreifingu bókarinnar. Mest af þessari vinnu hafi verið látið í té frá byrjun nóvember 1994 til 15. janúar 1995.

Af hálfu aðalstefnanda er við það miðað, að hann hafi samkvæmt því, sem hann hafi skráð hjá sér, varið samtals 601 klukkustund í þau störf og umsvif, sem hann hafi látið aðalstefndu í té vegna Bankabókarinnar. Mikið af þessum störfum hafi fallið á ýmsa ótiltekna tíma sólarhringsins. Reikningur aðalstefnanda, dagsettur 31. mars 1995, sem hann hefur sent aðalstefndu vegna þessa, er þannig:

Vinna, 601 klst á 2.800 krónur	1.682.800 krónur
Virðisaukaskattur 24,5%	412.286 krónur
Samtals	<u>2.095.086 krónur</u>

Þá gerir aðalstefnandi jafnframt kröfu um sölulaun. Af hans hálfu er því haldið fram, að algengt sé talið og hæfilegt að reikna 15–25% af nettóverði seldra bóka í sölulaun. Bók sú, sem hér um ræði, sé reiknuð að nettóverði 3.136 krónur hvert eintak. Aðalstefnandi reiknar sér 10% í sölulaun af þeim 3.500 eintökum, sem hann hafi selt, 313 krónur af eintaki. Reikningur aðalstefnanda vegna þessa er þannig:

Samtals seld 3.500 eintök á 313 krónur	1.085.000 krónur(?)
Virðisaukaskattur 14%	151.900 krónur
Samtals	<u>1.236.900 krónur</u>

Aðalkrafa aðalstefnanda er samanlagðar framantaldar fjárhæðir, þ. e. 2.095.086 krónur og 1.236.900 krónur, sem eru 3.331.986 krónur, ásamt dráttarvöxtum og kostnaði, eins og að framan greinir.

Varakrafa er framangreind krafa um sölulaun, 1.236.900 krónur, og verklaunakrafa, sem fram kemur í bréfi aðalstefnanda til aðalstefnda, Örnólfs, dags. 17. janúar 1995, sem er þannig:

Mánaðarlaun 150.000 krónur í 1 og 1/2 mánuð	225.000 krónur
Orlof, lífeyrissjóðstillag o. fl.	82.500 krónur
Yfirvinna í desember 1994 160–180 tímar	320.000 krónur
Kílómetragreiðslur vegna aksturs	40.200 krónur
Leiga á tölvu	12.500 krónur
Virðisaukaskattur 24,5%	166.649 krónur
Samtals	<u>846.849 krónur</u>

Sölulaun, 1.236.900 kr., og verklaun, 846.849 kr., eru samanlagt 2.083.749 krónur, sem eru varakrafa aðalstefnanda í aðalsök.

Þar sem hið stefnda hlutafélag hafi verið skráð 2. desember 1994, en mikill hluti þeirra starfa, sem aðalstefnandi hafi leyst af hendi, hafi fallið til í október og nóvember það ár, þ. e., áður en félagið var stofnað, hafi verið full ástæða og beri nauðsyn til að stefna þeim Örnólfi og Helgu in solidum með hlutafélaginu.

Af hálfu aðalstefnanda er vísað til almennra reglna kröfuréttar og samningaréttar, 5. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup, laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum XXI. kafla, að því er varðar málskostnað, svo og laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Málsástæður og lagarök stefndu í aðalsök.

Af hálfu aðalstefndu er vísað til þess, að samkomulag hafi verið gert milli aðalstefndu Bókaútgáfunnar Eldeyjar hf. og aðalstefnanda um það, að aðalstefnandi tæki að sér sem verktaki að dreifa Bankabókinni í verslanir fyrir hina stefndu bókaútgáfu, skrifa út reikninga í því sambandi, taka við endursendum bókum, halda viðskiptamannabókhald þar að lútandi og einnig að taka við greiðslum í samráði við forsvarsmenn bókaútgáfunnar. Fyrir þetta verk hafi verið samið um, að aðalstefnandi fengi greiddar 100

krónur fyrir hverja selda bók. Gert hafi verið ráð fyrir því, að hann sinnti umræddu verki fram í janúar 1995 og ekki öðrum störfum þann tíma. Bókaútgáfan hafi tekið á leigu húsnæði að Ármúla 5 í Reykjavík fyrir þessa starfsemi, þar sem húsrými hafi verið fyrir áhöld og tæki útgáfunnar auk bókabirgða, en aðalstefnandi hafi haft lykla að húsnæðinu.

Því er haldið fram, að aðalstefnandi hafi ekki valdið umræddu starfi og starfsemin öll farið í hnút, bókhald og bókadreifing í óreiðu og hann hlaupist frá verkinu, en bókaútgáfan þurft að ráða aðra til að vinna það verk, sem aðalstefnandi hafði tekið að sér. Forsvarsmenn bókaútgáfunnar hafi reynt að leysa málin við aðalstefnanda, en hann í engu sinnt þeim tilmælum. Þeir hafi þurft að komast í umrætt leiguhúsnæði og fá aðgang að gögnum, svo sem reikningum og upplýsingum um dreifingu, enda hafi verið brýnt að vinna að því að fá uppgjör og greiðslur vegna útsendra bóka. Hinn 28. janúar 1995 hafi forsvarsmenn bókaútgáfunnar fengið aðstoð lögreglunnar til að fá aðgang að bókhaldsgögnum, bókageymslu og tækjum. Bókageign hafi verið talin að viðstöddum lögreglumönnum og reynst vera 1421 eintak af Bankabókinni auk 36 eintaka, sem hafi verið skráð gölluð. Hafi bókaútgáfan þurft að láta vinna upp allt bókhaldið að nýju, og orðið fyrir miklu fjárhagstjóni vegna framferðis, skaðaverka og vanrækslu aðalstefnanda.

Pá er til þess vísað af hálfu aðalstefndu, að umrædd viðskipti hafi eingöngu verið milli aðalstefnanda og bókaútgáfunnar, en aðalstefndu, Helga og Örnólfur, hafi ekki verið aðilar að þeim viðskiptum. Sýknukröfur þeirra eru m. a. reistar á því, að þau hafi ekki átt nein viðskipti við aðalstefnanda né tekið á sig nokkrar fjárskuldbindingar gagnvart honum.

Sýknukröfur hinnar stefndu bókaútgáfu eru m. a. rökstuddar svo, að umrædd viðskipti séu upp gerð og aðalstefnandi standi í skuld við aðalstefndu Bókaútgáfuna Eldey hf., og er í því sambandi vísað til dómkrafna í gagnsök. Aðalstefndu vísa og til þess, að um sé að ræða kröfugerð og málsókn af hálfu aðalstefnanda að ófyrirsynju. Aðalstefnandi hafi þegar fengið greiddar 239.620 krónur frá bókaútgáfunni, en tekið hafi verið fram á reikningum hennar, að greiða ætti reikningana inn á bankareikning bókaútgáfunnar í Búnaðarbanka Íslands. Aðalstefnandi hafi haldið gögnum o. fl. og því ekki verið unnt að fá upplýsingar um stöðu mála og viðskiptanna. Hafi það valdið bókaútgáfunni verulegu tjóni. Ekki hafi þótt ástæða til að greiða aðalstefnanda frekar, þar sem hann hafi ekki sinnt verki sínu og valdið stórtjóni. Bókaútgáfan hafi þurft að ráða aðra til að vinna þau verk, er aðalstefnandi hafði tekið að sér.

Kröfur aðalstefnanda hafi verið misvísandi og breytilegar og hann auk

Þess haft í frammi hótanir um ólögmatar aðgerðir. Hann hafi haldið bókhaldinu fyrir bókaútgáfunni og ekki getað gert upp. Hann hafi komið til starfa 2. desember 1994 og hlutverk hans eingöngu verið bókadreifing og bókhald. Hann hafi engin önnur störf unnið fyrir aðalstefndu. Kröfum aðalstefnanda er mótmælt sem röngum, enda væru þær í ósamræmi við það verk, er honum hefði verið falið. Því er jafnframt mótmælt, að aðalstefnandi eigi rétt á sölulaunum. Hann hafi ekki selt bókina, heldur aðeins dreift henni til bóksala. Þá er mótmælt þeim vinnustundafjölda, sem aðalstefnandi tilgreinir.

Um lagarök er af hálfu aðalstefndu vísað til þeirra réttarheimilda, sem tilgreindar eru í málaltilbúnaði þeirra í gagnsök.

Málsástæður og lagarök stefnanda í gagnsök.

Gagnstefnandi, Bókaútgáfan Eldey hf., vísar til þess, að samkomulag hafi verið gert með málsaðilum í gagnsök um það, að gagnstefndi tæki að sér sem verktaki að dreifa Bankabókinni í verslanir fyrir gagnstefnanda, skrifa út reikninga í því sambandi, taka við endursendum bókum, halda viðskiptamannabókhald og taka við greiðslum í samráði við gagnstefnanda. Fyrir þetta starf hafi verið um samið með aðilum, að gagnstefndi fengi 100 krónur fyrir hverja selda bók. Gert hafi verið ráð fyrir, að hann sinnti umræddu starfi fram í janúar 1995 og ekki öðrum störfum á tímabilinu. Bókaútgáfan hafi tekið á leigu húsnæði að Ármúla 5 í Reykjavík til þessarar starfsemi, þar sem húsrými hafi verið fyrir áhöld og tæki útgáfunnar auk bóka-geymslu, en gagnstefndi hafi haft lykla að húsnæðinu. Gagnstefndi hafi ekki reynst hafa tök á umræddu starfi og starfsemin öll farið í hnút, bókhald og bókadreifing í óreiðu og hann hlaupist frá verkinu, en bókaútgáfan þurft að ráða aðra til að vinna það verk, sem gagnstefndi hafði tekið að sér. Gagnstefnandi hafi þurft að fá aðstoð lögreglu 28. janúar 1995 við að komast í húsnæðið að Ármúla 5 til að fá bókhaldsgögn og tæki og aðgang að bóka-geymslu, en þar hafi reynst vera 1.421 eintak af Bankabókinni auk 36 eintaka, sem hafi verið skráð gölluð. Gagnstefnandi hafi þurft að láta vinna allt bókhaldið að nýju og orðið fyrir miklu tjóni vegna framferðis gagnstefnda.

Af Bankabókinni hafi verið prentuð 4.994 eintök. Seld eintök hafi verið 3.060, í geymslu hafi verið 1.421 eintak auk 36 gallaðra eintaka, og 134 eintök hafi verið notuð til kynningar.

Dómkröfur gagnstefnanda sundurliðast þannig:

1. 343 eintök af Bankabókinni, sem
gagnstefndi hafi ekki gert grein fyrir 835.548 krónur
2. Kostnaður til tölvu- og bókhaldsmanna við

að koma saman viðskiptabókhaldi og bókhaldsgögnum eftir óreiðu gagnstefnda	400.000 krónur
3. Kostnaður gagnstefnanda vegna vinnulauna til aðalstefnda, Örnólfs, vegna vanrækslu gagnstefnda á starfsskyldum sínum við gagnstefnanda	200.000 krónur
4. Tjón vegna tapaðra viðskiptaskulda sem ekki hafi verið unnt að innheimta, þar sem gagnstefndi hafi haldið gögnum með ólögmætum hætti og ekki veitt réttar upplýsingar	300.000 krónur
5. Peningaúttektir gagnstefnda úr bankabók gagnstefnanda	19.488 krónur
Samtals	<u>1.755.036 krónur</u>

Af hálfu gagnstefnanda er vísað til reglna á sviði fjármunaréttar og skaðabótaréttar, sbr. ákvæði laga nr. 50/1993. Í aðalsök og gagnsök sé um að ræða samrættar kröfur og því heimild til skuldajöfnunar svo langt sem kröfur í aðalsök náí, sbr. 28. gr. laga nr. 91/1991. Tjón gagnstefnanda hafi orðið á tímabilinu 2. desember 1994 til 1. febrúar 1995. Vísað er til ákvæða vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum og um málskostnað til 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, sbr. málskostnaðarreikning lögmanns gagnstefnanda. Þá er og vísað til réttarreglna um verktakastarfsemi og um reikningsskil og bókhald, og loks er vísað til 26. og 27. kafla alm. hgl. nr. 19/1940.

Málsástæður og lagarök stefnda í gagnsök.

Af hálfu gagnstefnda er mótmælt kröfum og málavaxtalýsingu stefnanda í gagnsök.

Því er haldið fram, að fyrirsvarsmenn gagnstefnanda hafi ekki haft nokkra ástæðu til að kalla til lögreglu 28. janúar 1995 til að komast inn í húsnæðið í Ármúla 5 til að fá bókhaldsgögn, tæki og aðgang að bóka-geymslu, eins og haldið sé fram af hálfu gagnstefnanda. Eftir beiðni aðalstefnda, Örnólfs, hefði gagnstefndi tekið húsnæðið á leigu í eigin nafni, en í þágu gagnstefnanda, og hafi hann upphaflega greitt af því leigu. Síðar hafi gagnstefnandi og aðalstefndu annast leigugreiðslur. Gagnstefndi hafi afhent aðalstefnda, Örnólfi, tvo lykla að húsnæðinu. Hafi Jón Proppé, starfsmaður gagnstefnanda, haft þar lykil og þeir Örnólfur báðir gengið þar um ásamt gagnstefnda og e. t. v. fleiri.

Húsnæðinu hafi verið ætlað að vera starfsstöð vegna útgáfu og dreifingar

Bankabókarinnar o. þ. h. Hafi Örnólfur komið þangað daglega og haft samband við gagnstefnda eftir þörfum. Eftir að gagnstefndi hafi sett sig niður í Ármúla 5, hafi hann gert reikninga á þessum útsölustað fyrir hverja bókasendingu, sem hann hafi farið með út úr húsinu. Frumrit hafi verið látið fylgja hverri sendingu handa kaupanda, eitt afrit hafi verið látið í möppu, sem geymd hafi verið í Ármúla 5, en annað afritið hafi Örnólfur tekið. Hann hafi á hverjum degi fengið í hendur öll gögn, er snertu umræddar afgreiðslur gagnstefnda.

Gagnstefndi heldur því fram, að hann hafi ekki tekið á móti neinum bókum, er þær hafi borist frá prentsmiðju. Hann hafi aldrei lofað að geyma eða hafa reiður á neinum bókabirgðum, enda hafi hann ekki litið á húsnæðið að Ármúla 5 sem sína einkaskrifstofu og aldrei lofað að bera ábyrgð á bók-haldi gagnstefnanda. Hann hafi unnið þau verk, sem aðalstefndu, Örnólfur og Helga, hafi beðið sig um, og þau aldrei gert neinar athugasemdir við það, sem hann hafi gert, þ. á m. að kreditfæra þær endursendingar, sem þau hafi beðið sig um og bárust í Ármúla 5. Gagnstefnandi hafi enga sök átt á því, að bókaverslanir hafi ekki séð, hvert hafi átt að endursenda bækur, en heimilisfang gagnstefnanda hafi verið talið á ýmsum stöðum, í símaskrá og Hlutafélagaskrá að Bankastræti 7, á reikningum að Ármúla 5 og í Íslenskum bókatíðindum að Bræðraborgarstíg 7. Aðalstefnandi hafi fallist á að vinna ýmis verk fyrir aðalstefndu eftir beiðni og annað ekki, og við það verklag hafi engar athugasemdir verið gerðar, fyrr en hann hafi reynt að innheimta vangoldin verklaun sín í þessu dómsmáli.

Þá er því haldið fram, að gagnstefndi hafi veitt aðalstefndu ýmsa fjárhagslega fyrirgreiðslu gegn því loforði, að hann fengi ágóða og greiðslu. Sala Bankabókarinnar hafi gengið vel og gagnstefndi vafalaust átt drjúgan þátt í því. Um jólin 1994 og í byrjun janúar 1995 hafi gagnstefndi iðulega talað við Örnólf um greiðslu upp í verklaunin, en sú málaleitan ekki borið árangur. Fyrst í stað hafi því verið borið við, að þau Helga og Örnólfur væru svo illa stödd með peninga, að greiðsla til gagnstefnda þyrfti að bíða eitthvað, en greiðslu verið lofað síðar. En þegar komið var fram í janúar 1995, hafi Örnólfur tekið að svara gagnstefnda með ónotum og einatt illu einu. Þegar svo hafi verið komið, hafi gagnstefndi hætt störfum fyrir aðalstefndu 15. janúar 1995 nema gegn staðgreiðslu.

Af hálfu gagnstefnda er því haldið fram, að aðalstefndi, Örnólfur, hafi gert eins konar atlögu að sér 28. janúar 1995, er hann hafði hætt störfum. Dregið er í efa, að þurft hafi aðstoð lögreglu til að komast inn í húsnæði, sem þeir Örnólfur og Jón Proppé hafi báðir haft lykla að. Verði ekki séð, að nein nauðsyn hafi verið á slíkum fyrirgangi, og veki það grun um eins

konar sviðsetningu, sem nota mætti gagnstefnda í óhag. Upptalningu á bókum, sem þarna voru, telur gagnstefndi sér óviðkomandi.

Þá er því mótmælt, að gagnstefndi hafi greitt sjálfum sér 239.620 krónur í heimildarleysi. Um þetta er skírskotað til yfirlits frá gagnstefnda frá 1. febrúar 1995, er sent var gagnstefnanda. Þar komi fram ýmis útgjöld, sem gagnstefndi hafi innt af hendi fyrir aðalstefndu, samtals að fjárhæð 205.941 kr. Mismunur, 33.679 kr., gangi upp í skuld aðalstefndu við gagnstefnda.

Öllum kröfuliðum gagnstefnanda er mótmælt af hálfu gagnstefnda sem röngum og ómarktækum. Gagnstefndi telur sig ekki bera ábyrgð á þeim bókum, sem taldar eru í 1. lið kröfunnar. Liðir að fjárhæð 400.000 kr., 200.000 kr. og 300.000 kr. séu með öllu órökstuddir og tortryggilegir. Þá sé úttekt úr bankabók, að fjárhæð 19.468 kr., gerð með vitund og samþykki þeirra Örnólfs og Helgu, en þessi fjárhæð komi fram á yfirlitinu frá 1. febrúar 1995, sem hér að framan er vísað til.

Loks er málskostnaðarreikningum aðalstefndu mótmælt sem fjarstæðu, er ekki beri að taka til greina.

Niðurstöður.

Ekki þykja fram komnar nægar ástæður til að vísa kröfum í aðalsök og gagnsök frá dómi.

Í máli þessu er óumdeilt, að aðalstefnandi vann ýmis störf vegna útgáfu og sölu Bankabókarinnar að beiðni aðalstefnda, Örnólfs. Hins vegar er deilt um það, hvenær aðalstefnandi hóf þessi störf og fyrir hvern þau voru unnin.

Útgefandi bókarinnar, sem hér um ræðir, var aðalstefnda, Bókaútgáfan Eldey hf. Félagið var stofnað 2. nóvember 1994 og skráð í Hlutfélagaskrá 2. desember sama ár. Í yfirlýsingu starfsmanns Hlutfélagaskrár frá 31. júlí 1995, sbr. dskj. nr. 42, kemur fram, að aðalstefnandi leitaði upplýsinga hjá Hlutfélagaskrá í nóvember 1994 vegna stofnunar hlutfélagsins og fékk ýmsar leiðbeiningar þar að lútandi. Því verður að telja sannað, að aðalstefnandi hafi hafið störf þau, sem hér um ræðir, áður en félagið var skráð. Með vísan til þess, sem fyrir liggur í málinu, svo og með vísan til 2. mgr. 12. gr. þágildandi laga um hlutfélög nr. 32/1978 verður að líta svo á, að með skráningu hlutfélagsins hafi það tekið við réttindum og skyldum, er til var stofnað vegna starfa aðalstefnanda, sem hér er deilt um. Kröfum aðalstefnanda í málinu verður því réttilega beint að hlutfélaginu, en þær verða ekki sóttar á hendur aðalstefndu, Helgu E. Jónsdóttur og Örnólfi Árnasyni. Ber því að sýkna þau af kröfum stefnanda í aðalsök.

Þá er einnig deilt um það, hvaða störf aðalstefnandi tók að sér í þessu

sambandi, og enn fremur, hvort samið var um ákveðnar greiðslur til aðalstefnanda vegna þeirra, en enginn skriflegur samningur var gerður milli málaðila í þeim efnum.

Af hálfu aðalstefnanda er því haldið fram, að ekki hafi verið samið um ákveðnar greiðslur fyrir störf sín, og beri aðalstefnda því að greiða sér uppsett verð, en hann vísar í því sambandi til grunnreglunnar, sem fram kemur í 5. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922. Af hálfu aðalstefnda er því hins vegar haldið fram, að samið hafi verið um, að aðalstefnandi fengi greiddar 100 krónur fyrir hverja selda bók. Með vísan til þess, að engin gögn hafa verið lögð fram af hálfu aðalstefnda um þá staðhæfingu, verður að telja hana ósannaða gegn andmælum aðalstefnanda.

Aðalstefnandi hefur gert grein fyrir þeirri vinnu, sem hann telur sig eiga að fá greitt fyrir. Hann krefst þess að fá greitt fyrir 601 klst., og jafnframt gerir hann kröfu um að fá greitt í sölulaun 10% fyrir hverja selda bók. Aðalstefnandi hefur lagt fram afrit af bréfi til aðalstefndu, dags. 31. mars 1995, sbr. dskj. nr. 8, þar sem vinnustundafjöldi er tilgreindur fyrir ýmis verk, er aðalstefnandi kveðst hafa unnið fyrir aðalstefndu á tímabilinu mars 1994 til 15. janúar 1995. Skjal þetta er samið einhliða af aðalstefnanda. Vinnustundafjöldi og einstök verk, sem þar eru tilgreind, eru vefngd af hálfu aðalstefndu. Af hálfu aðalstefndu er aðeins viðurkennt, að aðalstefnandi hafi tekið að sér að dreifa bókinni í verslanir, skrifa út reikninga, taka við endurskilum á bókum og halda viðskiptamannabókhalð í því sambandi og loks að taka við greiðslum, eins og fram kemur í greinargerð stefnda í aðalsök. Með vísan til þess, sem fram kemur í yfirlýsingum Ingvars Á. Þórissonar frá 15. mars 1995 og 22. maí sama ár á dskj. nr. 11 og 12, og í framburði vitnisins fyrir dóminum, verður að telja sannað, að aðalstefnandi hafi jafnframt unnið við að útbúa kynningarefni fyrir bókina.

Loks er um það deilt, hvort aðalstefnandi hafi innt störf sín af hendi með fullnægjandi hætti. Af hálfu aðalstefndu er því haldið fram, að fundið hafi verið að störfum aðalstefnanda við hann, en því er mótmælt af hálfu aðalstefnanda. Fram hefur komið í málinu, að ósætti kom upp milli þeirra aðalstefnanda og aðalstefnda, Örnólfs, í janúar 1995. Af hálfu aðalstefnanda er því haldið fram, að hann hafi hætt störfum 15. janúar það ár, vegna þess að hann hafi ekki fengið greitt fyrir störf sín. Engin gögn hafa verið lögð fram í málinu, sem styðji það, að af hálfu aðalstefndu hafi verið gerðar athugasemdir við störf aðalstefnanda, fyrr en eftir að hann hætti störfum hjá bókaútgáfunni. Verður því að telja ósannað, að slíkar athugasemdir hafi komið fram.

Með vísan til þess, sem hér að framan er rakið, verður að telja ósannað,

að aðalstefnanda hafi verið falin önnur störf en þau að vinna við kynningu og dreifingu bókarinnar. Því verður ekki unnt að treysta staðhæfingum aðalstefnanda um fjölda vinnustunda, sem hann krefst að fá greitt fyrir. Eins og mál þetta liggur fyrir að öðru leyti, verður að telja sanngjarnt, að aðalstefnandi fái greidda ákveðna þóknun fyrir hverja selda bók ásamt 14% virðisaukaskatti, eins og krafist er. Seld eintök voru 3.060 samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, en stefnandi reiknar verð hvernar bókar á 3.136 krónur, og er þeirri tölu ómótmælt af hálfu aðalstefnda. Þóknun til aðalstefnanda þykir hæfilega ákveðin 480.000 krónur að frádreginni þeirri fjárhæð, sem þegar hefur verið greidd, en að viðbættum virðisaukaskatti.

Óumdeilt er, að aðalstefnandi hefur þegar fengið greiddar 239.620 krónur. Aðalstefnandi telur kostnað, sem draga beri frá þessari greiðslu, vera samtals 205.941 króna, eins og fram kemur í yfirliti hans frá 1. febrúar 1995 á dskj. nr. 28, en af hálfu aðalstefnda er kostnaður aðeins viðurkenndur að fjárhæð 64.870 krónur (þ. e. 60.264 + 4.606), eins og fram kemur á dskj. nr. 46. Kostnaður, sem ekki er viðurkenndur af hálfu aðalstefnda, er 40.508 krónur fyrir greiðslur, sem engin gögn liggja fyrir um; þar af eru 18.000 krónur vegna leigu á tölvu aðalstefnanda og 105.169 krónur, þar sem reikningum er mótmælt sem röngum og óviðkomandi aðalstefnda. Þau mótmæli eru ekki rökstudd nánar, en bent er á, að frumrit reikninga vanti, sem ekki er rétt í öllum tilvikum, og að greiðslur til þriðja aðila hafi verið óheimilar og aðalstefnda óviðkomandi.

Engin gögn liggja fyrir um, að aðalstefnandi hafi átt að fá 18.000 krónur fyrir leigu á tölvu. Með vísan til þess og þeirra málavaxta, sem hér að framman hafa verið raktir, þykir rétt, að frá greiðslum til aðalstefnanda dragist kostnaður, að fjárhæð 170.039 krónur (þ. e. 64.870 + 105.169). Samkvæmt því hefur aðalstefnandi þegar fengið greidda 69.581 krónu (þ. e. 239.620 – 170.039), er kemur til frádráttar skuldinni, sem deilt er um í málinu.

Með vísan til þess, sem hér hefur komið fram, ber aðalstefndu Bókaútgáfunni Eldey hf. að greiða aðalstefnanda 480.000 krónur að frádreginni 69.581 krónu ásamt virðisaukaskatti, 67.200 krónum, samtals 477.619 krónur.

Telja verður ósannað með vísan til þess, sem fram hefur komið í málinu, að aðalstefnandi beri ábyrgð á því, að ekki hefur tekist að gera grein fyrir 343 eintökum af Bankabókinni. Þá er ósannað, hvaða kostnað bókaútgáfan hefur borið af þeim ástæðum, sem raktar eru í gagnstefnu, í 2. og 3. tl. kröfugerðar gagnstefnanda, eða að hún hafi orðið fyrir því tjóni, sem tilgreint er í 4. tl. og rakið verði til atvika, er varða aðalstefnanda, en engin gögn, sem unnt er að byggja á við úrlausn málsins, hafa verið lögð fram í

því sambandi af hálfu gagnstefnanda. Peningaúttekt aðalstefnanda, að fjárhæð 19.488 krónur, hefur hann talið sem greiðslu, en sú fjárhæð er hluti af 239.620 krónum, sem gerð er grein fyrir hér að framan. Með vísan til þessa ber að sýkna aðalstefnanda af öllum kröfum í gagnsök.

Í samræmi við úrslit málsins ber að dæma aðalstefnanda til að greiða aðalstefndu Helgu E. Jónsdóttur og Örnólfi Árnasyni óskipt 250.000 krónur í málskostnað, og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts ásamt dráttarvöxtum, eins og krafist er.

Bókaútgáfunni Eldey hf. ber að greiða aðalstefnanda málskostnað í aðalsök og í gagnsök, sem þykir hæfilega ákveðinn 350.000 krónur, og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts, ásamt dráttarvöxtum eins og krafist er.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð :

Aðalstefndu Helga E. Jónsdóttir og Örnólfur Árnason skulu sýkn vera af kröfum aðalstefnanda, Einars Guðjónssonar, í máli þessu. Aðalstefnandi greiði þeim sameiginlega 250.000 krónur í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Aðalstefnda Bókaútgáfan Eldey hf. greiði aðalstefnanda, Einari Guðjónssyni, 477.619 krónur auk dráttarvaxta af þeirri fjárhæð samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 1. apríl 1995 til greiðsludags og 350.000 kr. í málskostnað, þ. m. t. virðisaukaskattur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Gagnstefndi, Einar Guðjónsson, skal sýkn vera af kröfum gagnstefnanda Bókaútgáfunnar Eldeyjar hf. í gagnsök.